



Nefndarálit eftirlitsnefndar um

skýrslu Ríkisendurskoðunar um starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar 2013

1. Tillaga eftirlitsnefndarinnar

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að samþykkja ársreikning og endurskoðunarskýrslu um Norrænu ráðherranefndina 2013;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að fylgja eftir fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á verkefnastjórnun þar sem aukin áhersla verði lögð á að skilgreina markmið og árangurskröfur og hvernig þeim skuli náð;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að skýra betur hvernig staðið verður að lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV) 31. desember 2014;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að bregðast skjótt við tilmælum um úrbætur á fjármálastjórnun skrifstofunnar í Ríga.

2. Aðdragandi

Ríkisendurskoðun Danmerkur hefur farið yfir ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar (NMR) fyrir fjárhagsárið 2013.

Niðurstaða ársins 2013 sýnir afgang sem nemur 8,5 milljónum danskra króna (m.d.kr.) en árið 2012 nam afgangurinn 16,1 m.d.kr. Samanlagðar tekjur ársins 2013 námu 995 m.d.kr. en árið 2012 námu þær 977 m.d.kr. Samanlögð útgjöld ársins 2013 námu 986,7 m.d.kr. en árið 2012 námu þau 961,5 m.d.kr. Flest útgjöld eða 906 m.d.kr. voru vegna stofnana, samstarfsstofnana og verkefna en samanlagður rekstrarkostnaður nam 81 m.d.kr.

Reikningar sýna að eiginfjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar var neikvæð um tæplega -111,5 þar til samstarfsráðherrarnir ákváðu að nýta afganginn sem nam 8,5 m.d.kr. Neikvæða eiginfjárstöðu má útskýra með því að afskrifaðar voru kröfur til landanna frá árinu 2005 sem námu -50 m.d.kr. en einnig vanáætlun í fjárhagsáætlun ársins 2009 sem nam -70 m.d.kr. en sú upphæð var lækkuð með afgangi ársins 2011.

Þar kemur fram að óráðstafað fé nemur samanlagt tæplega 55 m.d.kr. í árslok 2013, samanborið við 52 m.d.kr. árið 2012 og 38 m.d.kr. á árinu 2011. Af þeim 55 m.d.kr. sem óráðstafaðar voru tilheyrðu 22 m.d.kr. skrifstofunni og útgáfustarfseminni. Afgangurinn eru fjárveitingar til fjárlagaliða sem ekki var búið að ráðstafa til ákveðinnar starfsemi í árslok og því verða fjárveitingarnar færðar yfir á sams konar starfsemi í samræmi við gildandi reglur.

Þá fór fram stjórnsýsluendurskoðun. Niðurstaða hennar er sú að starfsaðferðir séu almennt fullnægjandi og réttmætar og einnig innra eftirlit með skráningu á bókhaldsgögnum. Handahófskönnun á umsjón ferðalaga sýndi góða starfshætti. Þegar skoðað var hvort Norræna ráðherranefndin hefði farið eftir fyrri ábendingum frá árunum 2012 og 2013 um úrbætur á endurskoðun verkefna gaf það tilefni til athugasemda. Í febrúar 2014 kom út endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar um styrki verkefnastöðar Norrænu ráðherranefndarinnar á árinu 2013 (*Rigsrevision om tilskudsrevisionen af programforvaltningen ved Nordisk Ministerråd 2013*). Endurskoðunin nær til fimm verkefna og þar er bent á ýmsa þætti þar sem þörf er á töluverðum úrbótum. Bendir það til þess að Norræna ráðherranefndin hafi almennt ekki hlýtt nægilega vel ábendingum fyrri ára um úrbætur í stjórnun verkefna, en um er að ræða ábendingar sem eftirlitsnefndin hefur tekið margsinnis undir í nefndarálitum fyrri ára um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun leggur því til að gerðar verði skipulagsbreytingar á verkefnastjórnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Ráðherranefndin hefur með svonefndu nútímavæðingarstarfi ýtt af stað ferli sem getur leitt til þeirra skipulagsbreytinga sem Ríkisendurskoðun mælist til. Framvegis verður óskað eftir því að lögð verði meiri áhersla á að skilgreina markmið og árangurskröfur og hvernig þeim skuli náð.

Þar kemur fram að verið er að gera úrbætur á fjármálastjórn skrifstofunnar í Kalíníngrad eins og bent var á í skýrslu síðasta árs. Heimsókn á skrifstofuna í Ríga staðfestir því miður að ábendingar eftir fyrri heimsóknir hafa haft lítið að segja. Nú er verið að bæta úr því.

Ríkisendurskoðun fór yfir endurskoðunarskýrslur norrænu stofnananna. Athugasemdir voru gerðar við ársreikninga Norræna orkurannsókna, Nordregio, Norrænu erfðaauðlindastofnunarinnar og Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Varðandi Norrænu velferðarmiðstöðina var farið fram á skýrari línur um hvernig staðið verður að lokun Norræna lýðheilsu-háskólans (NHV) eftir 31. desember 2014.

Yfirferð á fundargerðum Norrænu ráðherranefndarinnar (MR-SAM og NSK) leiddi í ljós að samþykktir fundanna koma skýrt fram í ársreikningum.

3. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar er sú að ársreikningurinn gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þann 31. desember 2014.

Ennfremur kemur fram í skýrslunni að teknar hafi verið upp starfsvenjur og innra eftirlit sem stuðli að því að þær ráðstafanir sem ársreikningurinn

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð
C 3/kk (2014)

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3
Blaðsíða 2 af 4

Málsnúmer 14-00180-3

nær til eru í samræmi við lög og aðrar reglur, gerða samninga og viðurkenndar venjur.

Norðurlandaráð

4. Sjónarmið nefndarinnar

Eftirlitsnefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur kemst að þeirri niðurstöðu að ársreikningur Norrænu ráðherranefndarinnar gefi rétta mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu og að ekki eru gerðar alvarlegar athugasemdir við ársreikning Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2013.

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Nefndin fagnar því að handahófskönnun á umsjón ferðalaga sýni góða stjórnarsýsluhætti.

Norðurlandaráð

Nefndir tekur eftir athugasemdum um að skrifstofan í Ríga hafi ekki hlýtt ábendingum frá fyrri heimsóknum um úrbætur á fjármálastjórnun, og væntir þess að Norræna ráðherranefndin geri bragarbót þar á hið fyrsta.

Eftirlitsnefndin tekur eftir því að neikvæð eiginfjárstaða Norrænu ráðherranefndarinnar nemur meiru en 100 m.d.kr. Ennfremur að í árslok 2013 hafi lausafé numið meiru en 200 m.d.kr. Eftirlitsnefndinni er einnig kunnugt um að samkvæmt 20. gr. í fjársýslureglum Norrænu ráðherranefndarinnar ber löndunum skylda til að bæta úr neikvæðri eiginfjárstöðu ef greiðslugetan krefst þess. Neikvæð eiginfjárstaða er því ekki vandamál.

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Eftirlitsnefndin tekur eftir því að Ríkisendurskoðun fer fram á skýrari línur um hvernig staðið verði að lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV) eftir 31. desember 2014. Nefndin heimsótti Norrænu velferðarmiðstöðina (NVC) í maí 2014 og var þá tjáð að eftir lokun Norræna lýðheilsuháskólans myndi Norræna velferðarmiðstöðin taka við sumum lýðheilsuverkefnum skólans. Ekki var vitað um hve mörg verkefni væri að ræða eða hvaða fjárveitingar myndu fylgja þeim til Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar.

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Nefndin staðfestir að Ríkisendurskoðun Danmerkur telur nýtingu fjár vera í samræmi við gildandi reglur, reikningsskilavenjur og ákvarðanir um ráðstöfun fjár og ennfremur að stjórnarsýslan, að undanskilinni verkefnastjórnun, sé viðunandi.

Nefndin telur það ámælisvert að þrátt fyrir ábendingar Ríkisendurskoðunar og Norðurlandaráðs um margra ára skeið skuli Norrænu ráðherranefndinni ekki hafa tekist að koma á góðum stjórnarsýsluháttum í verkefnastarfseminni. Þörf er á mun betri starfsvenjum og er þess vænst að þær fái st í kjölfar nútímavæðingarferlis sem hafið er hjá Norrænu ráðherranefndinni. Eftirlitsnefndin hóf sjálf ytri rannsókn á árinu 2014 með það fyrir augum að varpa ljósi á notagildi verkefnastarfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar og greina aðgerðir sem gætu bætt starfsvenjur.

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

5. Niðurstaða

Eftirlitsnefndin tekur eftir niðurstöðu Ríkisendurskoðunar um að ársreikningur Norrænu ráðherranefndarinnar sé í samræmi við gildandi reglur og gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar 31. desember 2013.

Norðurlandaráð

Eftirlitsnefndin leggur til að

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

að samþykkja ársreikning og endurskoðunarskýrslu um Norrænu ráðherranefndina 2013;

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3
Blaðsíða 3 af 4

Málsnúmer 14-00180-3

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að fylgja eftir fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á verkefnastjórnun þar sem aukin áhersla verði lögð á að skilgreina markmið og árangurskröfur og hvernig þeim skuli náð;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að skýra betur hvernig staðið verður að lokun Norræna lýðheilsuháskólans (NHV) 31. desember 2014;

að hvetja Norrænu ráðherranefndina til að bregðast skjótt við tilmælum um úrbætur á fjármálastjórnun skrifstofunnar í Ríga.

Tampere, 22. september 2014

Eero Suutari (samli)

Lauri Heikkilä (saf)

Sonja Mandt (A), formaður

Steen Gade (SF)

Valgerður Gunnarsdóttir (Sj.)

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

C 3/kk (2014)

Fjallað um í:
Eftirlitsnefnd

Málsnúmer 14-00180-3

Norðurlandaráð

Norðurlandaráð
C 3/kk (2014)

C 3/kk (2014)

Eftirlitsnefnd
Fjallað um í:

Málsnúmer 14-00180-3
Blaðsíða 4 af 4

Málsnúmer 14-00180-3